



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
[postur@uar.is](mailto:postur@uar.is)

Reykjavík, 29. ágúst 2017

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 160/2010 um mannvirki.**

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 160/2010 um mannvirki (hér er eftir „mvl.“), sem bárust í pósti 24. júlí 2017 (hér eftir nefnd „**drögin**“). Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI**“ eða „**samtökin**“) fagna þessum breytingum að mestu, þó að í ýmsum greinum hefði mátt ganga lengra. Hér að neðan er farið yfir athugasemdir samtakanna við einstaka ákvæði frumvarpsdraganna.

**4. gr.**

*Ábyrgðaryfirlýsing iðnmeistara*

Í b-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 13. gr. mvl., þar á meðal 4. tölul. 1. mgr., þar sem lagt er til að einungis liggi fyrir ábyrgðaryfirlýsing húsasmíða-, pípulagninga-, múrara- og rafvirkjameistara áður en byggingarleyfi er gefið út. Ábyrgðaryfirlýsing annarra iðnmeistara þurfi þó að liggja fyrir áður en vinna við þá verkþætti sem lúta þeirra verksviði hefst.

Innan Samtaka iðnaðarins eru skiptar skoðanir um umrætt ákvæði. Í annan stað telja félagsmenn breytinguna jákvæða þar sem í upphafi framkvæmda liggur oft ekki fyrir hvaða iðnmeistarar muni koma að verkinu. Má þar til dæmis nefna þau tilvik þar sem verkkaupi býður verkframkvæmd út í áföngum eða þegar aðalverktaki býður út ýmsa verkþætti í undirverktöku, eftir framvindu verksins. Hinsvegar er ljóst að aðrir félagsmenn Samtaka iðnaðarins mótmæla umræddri breytingu harðlega enda sé hætt við því að breytingin leiði til þess að iðnmeistarar, í þeim greinum sem ekki er krafist uppáskriftar í upphafi verks, komi mun síður að verkum og verkkaupar freistist til þess í auknu mæli að láta ófaglærða aðila vinna verk iðnaðarmanna. Slíkt grefur undan tilvist umræddra greina og dregur verulega úr fagmennsku við byggingu mannvirkja.

Samtök iðnaðarins áréttá mikilvægi þess að eftirfylgni með því að viðeigandi iðnmeistarar séu settir á verkið sé virk. Núverandi eftirliti er verulega ábótavant og því þarf, komi nefnd breyting til framkvæmda, að tryggja að eftirlitið sé virkt svo ekki skapist aukin hættá á því að aðrir en fagmenn í viðkomandi iðn vinni verkið. Á þetta jafnframt við þegar byggð eru mannvirki til eigin nota enda eiga sömu rök við um slíkt mannvirki. Leggja því samtökin til að 2. málsl. 2. mgr. c-liðar 4. gr. frumvarpsins verði felldur út enda mikilvægt að tryggja að fagmenn komi ávallt að byggingu mannvirkja, hvort heldur til eigin nota eiganda eða ekki.

*Leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda*

Í d-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. mgr. 13. gr. mvl. Þar kemur fram að leyfisveitandi geti „þegar sérstaklega stendur á“ (sem lagt er til að falli nú út) veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda osfrv. Í sumum sveitarfélögum hefur ákvæðið verið túlkað með þeim hætti að aldrei standi sérstaklega á í skilningi ákvæðisins og því eru leyfi samkvæmt ákvæðinu aldrei veitt en annars staðar hefur afstaða byggingarfulltrúa verið sú að í raun standi alltaf sérstaklega á og því mun rýmri beiting ákvæðisins. Slíkt ósamræmi í túlkun ákvæðisins milli sveitarfélaga hefur óhjákvæmilega leitt til mikillar mismunar við beitingu þess. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að taka skýrari afstöðu til þess við hvaða aðstæður skuli beita ákvæðinu. Samtökin hafa af því áhyggjur að framangreint ástand verði óbreytt, þrátt fyrir umrædda orðalagsbreytingu, þar sem sveitafélög hafa enn frjálst vald um túlkun og beitingu ákvæðisins.

#### **14. gr.**

Í 14. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 34. gr. laganna. Samtökin fagna umræddri breytingu enda gert ráð fyrir að byggingarstjóri, í stað byggingarfulltrúa, annist áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista. Í 3. málsli. 1. mgr. b-liðar. 14. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að útgefandi byggingarleyfis geti þrátt fyrir framangreint ákveðið að eftirlitsaðili annist áfangaúttektir. Ekki er nánari skýringu á ákvæðinu að finna í athugasemdum en á fundi með fulltrúa ráðuneytisins í húsakynnum Samtaka atvinnulífisins kom fram að tilgangurinn með ákvæðinu væri að sveitarfélög gætu ákveðið að sjá um umræddar áfangaúttektir verkþátta, t.d. ef í ljós hefur komið að byggingarstjóri hafi ekki staðið sig fyrir í ferlinum. Samtök iðnaðarins taka undir mikilvægi þess að slík heimild sé til staðar en umrætt ákvæði frumvarpsins er að mati samtakanna of fortakslaust. Hætta er á, í ljósi orðalags ákvæðisins, að túlkun þess væri mjög ólík á milli sveitarfélaga og eftir atvikum hætta á að þessari heimild verði beitt í ríkara mæli en frumvarpshöfundar gerðu ráð fyrir. Samtök iðnaðarins leggja til að skýrt verði betur í greinargerð hvenær heimilt sé að beita umræddu ákvæði. Jafnframt leggja samtökin til að ákvæðið verði svohljóðandi: **“Útgefandi byggingarleyfis getur, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., ef tilefni hefur gefist til og vegna vanrækslu byggingarstjóra þó ávallt ákveðið að eftirlitsaðili, byggingarfulltrúi, Mannvirkjastofnun eða eftir atvikum skoðunarstofa, annist áfangaúttektir skv. 2. mgr.”**

Auk framangreindra athugasemda við einstaka ákvæði frumvarpsins hafa samtökin ýmsar athugasemdir við ákvæði mannvirkjalaganna sem taka þurfi tillit til við endurskoðun laganna. Verður leitast við að lista þær athugasemdir upp hér að neðan.

- **23. gr. mvl.**

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað gert athugasemdir við orðalag 2. mgr. 23. gr. mvl. sem gerir þá kröfu að hönnuðir áriti uppdrætti sína *með eigin hendi*. Beiting ákvæðisins hefur verið óhóflega íþyngjandi þar sem hönnuðir þurfa að árita, skriflega, allar teikningar sem er í mörgum tilvikum ógrynni skjala. Þetta skapar mikið óhagræði, verulega aukna skriffinnsku og er í engu samræmi við þá tækniöld sem við lifum í í dag. Samtökin telja að breyta eigi orðlaginu á þá leið að hönnuðir þurfi að *„staðfesta hönnunargögn sín með sannanlegum hætti“*.

Auk framangreinds leggja Samtök iðnaðarins til að breyting verði gerð á 5. mgr. 23. gr. mvl. og tekið verði út „Hönnunarstjóri skal einnig áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og árita það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða“. Samtökin leggja til að við bætist að „fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem hönnuðir við mannvirkjagerð enda starfi þar maður sem hafi löggildingu sem hönnuður á viðkomandi sviði, sbr. 25. og 26. gr. laga um mannvirki.“ Þessi tillaga er í samræmi við 28. gr. mvl. þar sem fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar. Hefur nokkur óvissa ríkt um ábyrgð starfsmanns sem skrifar undir sem löggiltur hönnuður f.h. fyrirtækis og er rétt að taka af allan vafa um það.

- **29. gr. mvl.**

Lagðar eru til ýmsar ábendingar um að lengra hefði mátt ganga í breytingum á 29. gr. svo sem þessar:

1. mgr. 29. gr.:

Að mati SI þurfa mvl. að gera ráð fyrir þeim möguleika að byggingastjóri og iðnmeistari séu starfsmenn sama fyrirtækis og að ráðningasamband sé á milli þeirra og fyrirtækisins. Samtökin leggja því til að eftirfarandi málsgreinum verði bætt við ákvæðið; *„Starfi byggingarstjóri hjá fyrirtæki eða stofnun, sem ber í eigin nafni ábyrgð á viðkomandi mannvirkjagerð, skv. 5. mgr. 27. gr. þá nægir að ráðningasamband sé á milli viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar og viðkomandi byggingarstjóra. Viðkomandi starfsmaður sem uppfyllir skilyrði þess að vera byggingarstjóri skrifar þá upp á sem byggingarstjóri fyrir hönd viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Sama á við um þá iðnmeistarara sem eru starfsmenn viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.“*

2. mgr. 29. gr.:

Að mati SI varða þau atriði sem fjallað er um í ákvæðinu hlutverk eiganda en ekki byggingarstjóra. Getur ákvæðið valdið ákveðnum vandkvæðum ef byggingarstjórinn er jafnframt verktakinn, sem oft er raunin. Leggja samtökin því til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu;



„Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, opinbera eftirlitsaðila mannvirkis og iðnmeistara.“

### 3. mgr. 29. gr.:

Samtök iðnaðarins gera athugasemd við 3. málsl. 3. mgr. 29. gr. sem er að mati samtakanna óþarfi enda er ekki ráðist í framkvæmdir á þeim mannvirkum sem talin eru upp í ákvæðinu án þess að samráðsfundir séu reglulega haldnir. Í þeim tilvikum sem verkkaupi hefur ekki falið verktaka að annast hönnun, en hins vegar falið verktakanum að leggja til byggingarstjóra, sem er mjög algengt fyrirkomulag á íslenskum byggingarmarkaði, þá er þetta lagaákvæði jafnvel á skjön við skyldur manna í slíkum verksamningum. Leggja því samtökin til að 3. málsl. 3. mgr. 29. gr. falli út.

### 4. mgr. 29. gr.:

Samtök iðnaðarins leggja til að ákvæðið falli út enda getur byggingarstjóri ekki uppfyllt skilyrði greinarinnar ef hönnun er ekki á hans forræði skv. samningi við verkkaupa.

### 5. mgr. 29. gr.:

Ef verklýsingar hafa verið lagðar inn til byggingarfulltrúa til samþykktar, þá teljast þær sjálfkrafa hlutar af samþykktum hönnunargögnum. Samtökin telja ekki eðlilegt að byggingarstjóri hafi eftirlit með því að farið sé eftir öðrum gögnum en þeim sem hafa verið lögð inn til byggingarfulltrúa til samþykktar. Orðið verklýsing hefur alveg ákveðna og skýra merkingu á íslenskum byggingarmarkaði, og þær eru almennt ekki lagðir inn til byggingarfulltrúa til samþykktar. Byggingarstjóri hefur ekki alltaf þá kunnáttu eða þekkingu til að meta galla á hönnunargögnum. Samtökin leggja því tilgreining hönnuða verði felld úr 2. málsl. og 5. málsl. tekin út.

### • **32. gr. mvl.**

Nú háttar svo til að iðnmeistarar þurfa að skrifa upp á verk og bera á þeim ábyrgð þó þeir komi einungis að verkinu sem starfsmenn fyrirtækja. Einn einstakur starfsmaður getur því borið persónulega ábyrgð á hverju því verki sem vinnuveitandi hans ræðst í hverju sinni, enda varði það verksvið hans. Þegar umræddur starfsmaður lætur svo af störfum hjá viðkomandi fyrirtæki upphafst umfangsmikil vinna við að skrá hann af verkunum. Getur þetta fyrirkomulag verið einkar óhagkvæmt bæði fyrir starfsmanninn sem og fyrirtækið. Leggja því Samtök iðnaðarins til að veitt verði heimild fyrir fyrirtæki og stofnanir að geta borið ábyrgð sem iðnmeistari á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð. Leggja samtökin því til að við 32. gr. mvl. bætist svohljóðandi ákvæði: „Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem iðnmeistari á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð enda starfi þar iðnmeistari, með löggildingu sé þess krafist, á viðkomandi sviði sem lokið hefur iðnmeistaraprófi.“

### • **60. gr. mvl.**

Samtök iðnaðarins hafa undanfarið ár gagnrýnt gjaldtöku sveitarfélaga vegna stöðuleyfa fyrir gáma. Gjaldtakan á stoð í 60. gr. mvl. og 2.6. gr. byggingarreglugerðar. Samtökin telja sveitarfélög ganga lengra en lögin gera ráð fyrir og hafa því sent erindi til Mannvirkjastofnunar og sveitarfélaga um málið. Ljóst er af beitingu sveitarfélaga á umræddum ákvæðum að endurskoðunar er þörf og óska samtökin eftir að fyrirkomulag stöðuleyfa verði tekið til skoðunar við breytingu á mvl. þar sem m.a. verði tekið af skarið með og skýrt frekar við hvaða aðstæður heimilt sé að innheimta umrædd gjöld og með hvaða hætti. Þarf til að mynda að skýra betur orðlag reglugerðarinnar um svæði sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu lausafjármuna, þar á meðal gáma.

Auk framangreinds lýsa Samtök iðnaðarins yfir vonbrigðum sínum með að ekki sé tekið á fleiri atriðum við endurskoðun laganna. Samtökunum var lofað því árið 2013, þegar vinnuhópur á vegum SI kynnti fyrir ráðuneytinu og Mannvirkjastofnum brýn atriði sem þyrfti að laga í lögnum, að þegar opnað yrði fyrir breytingar yrðu þessi mál skoðuð í heild sinni. Nokkur þeirra atriða hafa verið tilgreind hér að ofan en hér fyrir neðan verða upplistuð önnur atriði sem taka þarf til skoðunar.



- e-liður 1.gr.: Endurskoða ætti markmið laganna þar sem orðalagi þessa staflíðar orðist svo; *Að stuðla að aðgengi fyrir alla*
- 12. tölul. 3.gr.: Ekki á að telja „starfsmannabúðir“ til mannvirkis. Um starfsmannabúðir ættu að gilda reglur um stöðuleyfi, sbr. 9. tölul. 60. gr. mvl.
- 3. mgr. 27.gr.: Til að alútboð á verki geti orðið þarf að breyta þessari grein. Við breytingu á byggingarreglugerð var ástandið aðeins lagað en að mati margra þá skortir þeirri reglugerðarbreytingu lagastoð. Algengt er að EPCM samningar séu gerðir í stórum útboðum þá skulu allir verkþættir vera á einni hendi.
- Vantar að finna lausn á þeim tilvikum þegar um er að ræða til að mynda eitt byggingarleyfi en 10 séreignarhlutar. Þegar nokkrir séreignarhlutar hafa verið kláraðir en ekki aðrir þá er í dag ekki hægt að fá lokaúttekt á fullkláruðu hlutana. Þetta getur skapað vandræði þegar séreignarhlutar eru seldir tilbúnir undir tréverk enda þurfa þá þessi 10 nýju eigendur að koma sér saman um að finna einn byggingarstjóra. Annað dæmi er eitt byggingarleyfi, þrjú stigahús í fjölbýli. Eitt stigahúsið er selt í heilu lagi þá situr nýr eigandi uppi með það að geta ekki fengið „sinn“ byggingarstjóra á sinn hluta vegna þess að einungis einn byggingarstjóri má vera á hverju byggingarleyfi.
- Endurskoða þarf kröfu um byggingarstjórtryggingu og leggja samtökin til að hún verði aflögð.

Samtök iðnaðarins vonast til að tekið verði jákvætt í þessar ábendingar og sem flestar þeirra rati í frumvarpið áður en það verði lagt fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Árni Jóhannsson,  
sviðsstjóri mannvirkjasviðs

Friðrik Ágúst Ólafsson,  
viðskiptastjóri byggingariðnaðar